

Englateppi - Gleym-mér-ei



Stærðir (í vikum): 12-17.v (18-28.v) 29-40.v

Breidd x Lengd: 14x16 sm (25x30 sm) 40x45 sm

Prjónfesta: 28 lykkjur gera 10 sm í sléttu prjóni á prjóna nr 3mm

Garn: Knitting for olive merino **eða** pure silk **eða** Jord clothing woolly light:
50 (50) 100gr (**50gr = 250m**) **eða** annað mjúkt garn með sömu prjónfestu

UPPSKRIFT

Fitjið upp 42 (70) 110 lykkjur á prjóna 3mm (40-60cm).

Prjónið 1,5 (2,5) 4,5 sm perluprjón.

Perluprjón:

- 1. Umf: prjónið 1sl, 1br - út prjóninn.
- 2. Umf: prjónið 1br, 1sl - út prjóninn.

Endurtakið umf 1 og 2 þar til perluprjónið mælist 1,5 (2,5) 4,5 sm.

Nú gerum við munstrið í teppinu.

Skref 1: Prjónið 5 (7) 13 lykkjur í perluprjóni,

Skref 2: Setjið prjónamerki,

Skref 3: Prjónið 32 (56) 84 lykkjur eftir munstri (endurtakið þessar 4 munsturlykkjur þar til þið hafið prjónað 32 (56) 84 lykkjur)

Skref 4: Setjið prjónamerki,

Skref 5: Prjónið 5 (7) 13 lykkjur í perluprjóni.

Endurtakið Skref 1-5 þar til teppið mælist 14,5 (27,5) 39,5cm.

Prjónið 1,5 (2,5) 4,5 sm perluprjón.

Fellið af.



Slétt á réttu / Brugðið á röngu



Brugðið á réttu / Slétt á röngu

